

Kaup á almennum markaði

Kaup hvað/hvernig?

Á almennum markaði?

Af kunningja eða ættingja?

Ef keypt er á almennum markaði fara þau viðskipti í gegnum fasteignasölur og lúta að hluta öðrum lögmálum en ætliðaskipti. Í öllum tilfellum fara fram samningaviðræður um verð.

Hér að neðan eru hlekkir á gátlista sem gott er að hafa við höndina:

[AÐ HEFJA REKSTUR](#)

[AÐ TAKA VIÐ REKSTRI](#)

HVAÐA MÖGULEIKAR ERU Á JÖRÐINNI?

VERÐMÆTI BÚSINS:

- Jarðnæði – landamerki? Er landið að hluta til í óskiptu landi?
- Húsnæði – aldur, stærð, efni, viðhaldspörf o.s.frv.
- Skýrsluhaldsgögn – gögn tengd jarðrækt, bústofni o.s.frv.
- Bústofn – aldur, samsetning og afurðir
- Greiðslumark
- Tæki og vélar
- Girðingar
- Hlunnindi
- Atvinnumöguleikar – á búinu eða í grennd?
- Nálægð við þéttbýlisstað
 - Samgöngur, fjarskiptasamband, snjómokstur, fjarlægð frá afrétt, afurðastöð, skóla, heilbrigðisþjónustu o.s.frv.

REKSTUR

Gerð viðskipta- og/eða rekstraráætlunar er mikilvæg. Með henni er hugmyndum komið á skriflegt form og dæmið sett upp og athugað hvort reksturinn geti gengið upp eða ekki. Ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins aðstoðar við slíkt. Gott er að lesa sér til um gerð viðskiptaáætlana á eftirfarandi síðum til að undirbúa vinnu við rekstrar-/viðskiptaáætlun með ráðunaut.

[Rekstrarsvið RML](#)

[Gerð viðskiptaáætlana](#) Nýsköpunarmiðstöð Íslands

[Gátlisti: Ég þarf góða viðskiptaáætlun](#) Landsbankinn

FJÁRMÖGNUN

HVERJIR FJÁRMAGNA?

Fjármögnun getur verið á margbreytilegum forsendum sem ræðst af aðstæðum hvers og eins. Því er mikilvægt að setja sig í samband við fjármögnunaraðila og fá uppsetta þá kosti og kjör sem þeir geta veitt þér.

BANKAR

- Landsbanki
- Arion banki
- Íslandsbanki
- Sparisjóðir

LÍFEYRISSJÓÐIR

- [Lífeyrissjóður bænda](#)
- Lífeyrissjóðurinn þinn

AÐRIR

- [Íbúðalánasjóður](#)
- [Byggðastofnun](#)

HVAÐ ÞARF TIL AÐ SÆKJA UM FJÁRMÖGNUN?

- Verðmat á jörðinni unnið af fasteignasala
- Viðskipta- og/eða rekstraráætlun unna af ráðunaut
- Veðbókarvottorð fengið hjá sýslumanni
- Yfirlit yfir núverandi skuldastöðu t.d. fasteignalán, bílalán, kreditkortalán, námslán o.s.frv.
- Síðasta skattframtal
- Launaseðla síðustu 3ja mánaða, ef halda á áfram þeirri vinnu með búrekstri.

STYRKIR

Eftirfarandi styrki er sótt um með rafrænum umsóknum á [Bændatorgi](#)

- Nýliðunarstyrk
- Fjárfestingastyrk
- Jarðræktarstyrk
- Landgreiðslur
- Styrk út á lýsingarbúnað
- Styrk út á vatnsveitur

NÝSKÖPUNARSTYRKIR

- [Nýsköpunarmiðstöð Íslands](#)
- [Landsbankinn –Nýsköpun](#)
- Vaxtarsamningur / Uppbyggingasjóður á þínu svæði
- [Svanni -Lánatryggingasjóður kvenna](#)
- [Orkusetur -styrkir til endurbóta](#)
- [Framleiðnisjóður landbúnaðarins](#)

Farsælast er að sinna blómlegum búrekstri í óbreyttri mynd til að byrja með og breyta honum rólega.

- [Að hefja rekstur](#)
Vefur ríkisskattstjóra
- [Stofnun fyrirtækis](#)
Upplýsingar á [www.island.is](#)
- [Verktakar, einyrkjar](#)
Upplýsingar á [www.island.is](#)

Starfsmenn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins aðstoða við styrksúmsóknir

EKKI GLEYMA!

TRYGGINGAR

Leitið tilboða hjá váttryggingarfélögum. Athugið að kynna ykkur alla skilmála rekstrartrygginga – lesið smáa letrið! Setja ætti upp öll þau dæmi um áföll eða uppákomur sem manni dettur í hug. Rekstrarstöðvunartrygging getur reynst nauðsynleg.

SKÝRSLUHALDSKERFI

- **Bændatorg** – Helstu skýrsluhaldskerfi bænda eru undir Bændatorgi Bændasamtaka Íslands. Sótt er um undir **Bændatorg**.
- **Jörð** – jarðræktarskýrsluhaldskerfi
- **Huppa** – afurða- og skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt
- **Fjárvis** – afurða- og skýrsluhaldskerfi í sauðfjárrækt

Er ekki aðgengilegt á Bændatorgi.

- **Mark** – einstaklingsmerkingar búfjár
- **Bústofn** – vefforrit MAST
- **Worldfengur.com** – upprunaættbók íslenska hestsins
- **Dk-Búbót** – bókhaldsforrit fyrir bændur

ÁFÖLL

Bjargráðasjóður

Viðlagatrygging -Er lögbundin náttúruhamfaratrygging sem bætir beint tjón á tryggðum eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða.

Viðlagatrygging bætir ekki tjón af völdum annarra náttúruhamfara, t.d. af völdum ofsaveðurs.

SMITVARNIR

Verjið dýrin og bæinn ykkar. Enginn getur varið hann betur en þið sjálf og enginn annar ber ábyrgð á því. Upplýsingar um smitvarnir eru á vef MAST.

VÉLAR OG TÆKI

Upplýsingar um vinnuvélanámskeið og réttindi er hægt að nálgast á vef Vinnueftirlitsins.

Athugið að réttindalaus bóndi á tæki eða vinnuvél getur fyrirgert öllum bótarétti sínum hjá váttryggingarfélögum ef slys verður.

Geymsla og viðhald véla og tækja getur skipt sköpum þegar kemur að endingu þeirra. Mælt er með að geyma tæki með rafbúnað innandyra yfir

BRUNAVARNIR

Minnt er á mikilvægi þess að hafa brunavarnir í lagi og mælt með uppsetningu brunavarnarkerfa í stórum og dýrum gripahúsum. Mikilvægt atriði tengt brunavörnum er að hafa rafmagn í útihúsum í lagi og best er að láta rafvirkja yfirfara sé grunur um að ekki sé allt með felldu.

DÝRALÆKNAR

Lista yfir dýralækna og vaktsíma þeirra er hægt að nálgast á vef MAST.

veturinn, t.d. rúlluvélar, ásamt því að almennt viðhald svo sem smurning og síuskipti getur skipt sköpum.

Eigendaskipti á dráttarvélum skal tilkynna til Samgöngustofu líkt og með bifreiðar.

Skráningum á eigendaskiptum á vélum öðrum en dráttarvélum skal skila til Vinnueftirlitsins.

FÉLAGSMÁL

Í mörgum héruðum landsins eru starfrækt búgreinafélög sem í heild sinni mynda samtök sinnar búgreinar sbr. [Landssamtök sauðfjárbænda](#), [Landssamband kúabænda](#) eða [Landssamband hestamannafélaga](#).

Allir þátttakendur í skýrsluhaldi eru sjálfkrafa skráðir í búfjárræktarfélag. Virkni búfjárræktarfélaga er mjög misjöfn eftir landssvæðum þar sem engin lagaleg skylda hvílir lengur á herðum þeirra.

Búnaðarfélög eru einnig misjafnlega virk en eru á flestum stöðum grunneining félagskerfis bænda.

Hægt er að gerast aðili að [Bændasamtökum Íslands](#) bæði í gegnum búgreinafélag og búnaðarfélag. Margir bændur eru félagsmenn á báðum stöðum.

Á sumum svæðum þjóna búnaðarsambönd því grunneiningarhlutverki sem búnaðarfélögin gegna annars.

MENNTUN / NÁMSKEIÐ

[Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins](#)

Heldur ýmis námskeið tengd búrekstri. Mikilvægt er að fylgjast með á vef RML

– einnig sakar ekki að kalla eftir námskeiði á þínu svæði ef þú veist um fleiri þátttakendur en þig.

[Landbúnaðarháskóli Íslands](#)

Nám:

- Búfræðinám
- Búvísindi
- Hestafræði

[Endurmenntun LbhÍ](#)

Ýmis námskeið eru haldin á vegum LbhÍ.

[Háskólinn á Hólum – Hólaskóli](#)

Nám:

- Fiskeldis- og fiskalíffræði
- Hestafræði
- Ferðamálafræði

[Starfsmenntasjóður bænda](#)

Styrkir vegna endurmenntunar bænda fáast hjá Starfsmenntasjóði bænda. Markmið starfsmenntasjóðs er að efla frumkvæði bænda til að afla sér endur- og starfsmenntunar í þeim tilgangi að styrkja færni sína í að takast á við flóknari viðföng í búrekstri.

 HÓPAR Á FACEBOOK

[Bændasamfélagið](#)

[Sauðfjárbændur](#)

[Ungir bændur](#)

[Landbúnaður - til sölu/óska eftir](#)

Síðan má leita eftir hópum á þínu svæði